# Skeljungur hf.

Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar
1. janúar til 30. september 2021

Skeljungur hf.
Borgartúni 26
105 Reykjavík
Kt. 590269 -1749

# Efnisyfirlit


| | Bls. |
|---|---|
| Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra | 3 |
| Rekstrarreikningur | 6 |
| Yfirlit um heildarafkomu | 7 |
| Efnahagsreikningur | 8 |
| Eiginfjáryfirlit | 9 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 10 |
| Skýringar | 11 |
| Selected Financial Information | 16 |

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samandreginn árshlutareikningur Skeljungs hf. hefur að geyma samstæðureikning Skeljungs hf. og dótturfélaga þess fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2021. Reikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga.

Heildartekjur samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2021 voru 38.652 millj. kr. (2020: 32.045 millj. kr.) og hagnaður nam 1.036 millj. kr. (2020: 744 millj. kr.). Samkvæmt efnahagsreikningi 30. september 2021 námu eignir samstæðunnar 30.216 millj. kr. (2020: 25.503 millj. kr.) og skuldir 19.661 millj. kr. (2020: 15.582 millj. kr.). Eigið fé nam 10.554 millj. kr. (2020: 9.921 millj. kr.) og var eiginfjárhlutfall 34,9% (2020: 38,9%).

Frá 1. janúar 2021 voru dótturfélögin Basko ehf., Bensínorkan ehf., Langholt ehf. og 26 Fasteign ehf., sameinuð Skeljungi hf. Rekstur og efnahagur félaganna var fyrir sameininguna hluti af samstæðureikningi Skeljungs hf. og hafði sameiningin því ekki fjárhagsleg áhrif á samstæðuna. Á tímabilinu eignaðist Skeljungur allt hlutafé í Gló veitingum ehf. sem nú er hluti af samstæðureikningi félagsins. Fjárhagsleg áhrif á samstæðuna eru óveruleg.

Í lok febrúar voru gerðar talsverðar skipulagsbreytingar á Íslandi með fækkun á starfsfólki og tilfærslu verkefna. Kostnaðurinn við breytingar nam um 100 milljónum króna og var allur gjaldfærður á fyrsta ársfjórðungi 2021.

Á aðalfundi Skeljungs hf. þann 4. mars 2021 var stjórn félagsins veitt heimild til kaupa á eigin bréfum félagsins að nafnverði allt að 10% af heildarhlutafé. Ekki hefur verið tilkynnt um kaup samkvæmt þessari heimild. Að öðru leyti vísast til árshlutareiknings um breytingar á eigin fé samstæðunnar.

Á aðalfundi félagsins var einnig samþykkt að lækka hlutafé félagsins úr kr. 1.985.675.666 að nafnverði í kr. 1.936.033.774 að nafnverði, með þeim hætti að eigin hlutir félagsins að nafnverði kr. 49.641.892 voru ógiltir. Auk þess samþykktu hluthafar á aðalfundi Skeljungs hf. að greiða arð til hluthafa að fjárhæð 350 milljónum króna. Greiðsla arðs fór fram þann 8. apríl 2021.

Þann 27. nóvember 2020 keypti Skeljungur hf. allt hlutafé í Port I ehf., eignarhaldsfélags Dælunnar ehf. og Löðurs ehf. Kaupin voru háð ýmsum forsendum og fyrirvörum, m.a. um samþykki Samkeppniseftirlitsins. Áætlað kaupverð hlutafjár er 1.015 millj.kr, en það er háð forsendum í rekstri næstu ára auk ýmissa annarra skilyrða. Í júlímánuði 2021 samþykkti Samkeppniseftirlitið kaupin án allra skilyrða og varð Port I ehf. hluti af samstæðureikningi félagsins frá 1. ágúst 2021.

Þann 25. júní 2021 keypti Lyfsalinn ehf. allt hlutafé Lyfjavals ehf. og Landakot fasteignafélags ehf.. Samkeppniseftirlitið samþykkti kaupin án allra skilyrða í septembermánuði 2021. Skeljungur hf. er 10% hluthafi í Lyfsalanum ehf. en samhliða samþykktu kauptilboði og hlutafjáraukningu að fjárhæð um 423 millj.kr. varð Skeljungur 58% hluthafi í Lyfsalanum ehf. Lyfsalinn ehf. verður hluti af samstæðureikningi félagsins frá 1. október 2021.

Stjórn Skeljungs tók ákvörðun, samkvæmt tilkynningu þann 2. september 2021, um að ganga til einkaviðræðna við Sp/f Orkufelagid vegna sölu á eignarhlut í P/F Magn, dótturfélagi Skeljungs í Færeyjum. Viðræður standa yfir og er ráðgert að frágangi viðskipta ljúki í nóvembermánuði.

Á hluthafafundi Skeljungs þann 7. október 2021 var samþykkt að skipta upp rekstri félagsins og stofna tvö dótturfélög um reksturinn; annað fyrir rekstur starfsemi á einstaklingssviði og hitt fyrir starfsemi á fyrirtækjasviði. Stefnt er að því að félögin hefji starfsemi á þessu ári. Þá var einnig samþykkt að breyta tilgangi félagsins samvæmt samþykktum sem m.a. tók mið af stofnun framangreindra dótturfélaga og veitt var heimild fyrir sölu á eignarhlut í P/F Magn.

Í júní var undirritað rammasamkomulag milli Skeljungs og Reykjavíkurborgar vegna fyrirhugaðrar breytinga á aðstöðu eldsneytisstöðva Skeljungs og Orkunnar. Það er mat stjórnar að samkomulagið sé hagfellt félaginu til verðmætasköpunar á viðkomandi lóðum.

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

COVID-19 heimsfaraldurinn hafði talsverð áhrif á rekstur samstæðunnar á tímabilinu, einkum á Íslandi í byrjun ársins þar sem eftirspurn dróst verulega saman frá fyrra ári. Þeim samdrætti var mætt að einhverju leyti með hagræðingu í rekstri. Aðgerðir stjórnenda samstæðunnar hafa einkum verið fólgnar í að tryggja öryggi starfsmanna og viðskiptavina samhliða því að tryggja rekstrarsamfellu þannig að sem minnst truflun verði á þjónustu við viðskiptavini en um leið að gæta ýtrustu varúðar í starfseminni. Á síðari hluta tímabilsins hefur átt sér stað viðsnúningur í rekstri á Íslandi með fjölgun ferðamanna ofl.

Áhrif af COVID-19 eru óviss þegar horft er til næstu mánaða með hliðsjón af mögulegum ferða- og samkomutakmörkunum. Það er mat stjórnar og stjórnenda að samstæðan sé vel í stakk búin til þess að takast á við mögulegar aðstæður sem tengjast Covid-19, hvort sem litið er til högun á þjónustu við viðskiptavini, fjárhags- eða lausafjárstöðu.

## Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga IAS 34 eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu. Það er álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2021 og eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar 30. september 2021.

Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2021 gefi glöggt yfirlit um árangur af rekstri samstæðunnar, stöðu hennar og þróun.

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Stjórn og forstjóri Skeljungs hf. hafa í dag fjallað um árshlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2021 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. október 2021.

**Stjórn**

Jón Ásgeir Jóhannesson,
formaður

Birna Ósk Einarsdóttir

Sigurður Kristinn Egilsson

Nanna Björk Ásgrímsdóttir

Þórarinn Arnar Sævarsson

**Forstjóri**

Árni Pétur Jónsson

# Rekstrarreikningur 1. janúar til 30. september 2021

| | Skýr. | 2021<br>1.7. - 30.9 | 2020<br>1.7. - 30.9 | 2021<br>1.1. - 30.9 | 2020<br>1.1. - 30.9 |
|---|---|---|---|---|---|
| Sala | 5. | 15.985 | 11.642 | 38.652 | 32.045 |
| Kostnaðarverð seldra vara | 6. | ( 13.053) | ( 8.983) | ( 30.888) | ( 24.772) |
| **Framlegð** | | **2.933** | **2.659** | **7.764** | **7.274** |
| Aðrar rekstrartekjur | | 83 | 81 | 222 | 211 |
| Laun og launatengd gjöld | | ( 878) | ( 944) | ( 2.754) | ( 2.973) |
| Sölu- og dreifingarkostnaður | | ( 644) | ( 609) | ( 1.831) | ( 1.771) |
| Annar rekstrarkostnaður | | ( 185) | ( 149) | ( 509) | ( 455) |
| | | ( 1.708) | ( 1.703) | ( 5.094) | ( 5.200) |
| **Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA)** | | **1.308** | **1.038** | **2.892** | **2.285** |
| Afskriftir rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna | | ( 362) | ( 331) | ( 1.034) | ( 974) |
| **Hagnaður fyrir fjármagnsliði (EBIT)** | | **946** | **707** | **1.858** | **1.310** |
| Fjármunatekjur | | 5 | 4 | 14 | 19 |
| Fjármagnsgjöld | | ( 178) | ( 108) | ( 411) | ( 307) |
| | | ( 173) | ( 104) | ( 397) | ( 288) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | | ( 50) | ( 19) | ( 151) | ( 89) |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | | **723** | **584** | **1.310** | **933** |
| Tekjuskattur | 7. | ( 149) | ( 113) | ( 274) | ( 190) |
| **Hagnaður tímabilsins** | | **574** | **470** | **1.036** | **744** |
| **Skipting hagnaðar** | | | | | |
| Eigendur móðurfélags | | 595 | 469 | 1.060 | 725 |
| Minnihluti í dótturfélögum | | ( 20) | 1 | ( 25) | 19 |
| | | 574 | 470 | 1.036 | 744 |
| **Hagnaðarhlutur:** | | | | | |
| Hagnaður á hlut | | 0,30 | 0,24 | 0,54 | 0,38 |
| Þynntur hagnaður á hlut | | 0,30 | 0,24 | 0,54 | 0,38 |

Skýringar á blaðsíðum 11-15 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

# Yfirlit um heildarafkomu 1. janúar til 30. september 2021

| | Skýr. | 2021<br>1.7. - 30.9 | 2020<br>1.7. - 30.9 | 2021<br>1.1. - 30.9 | 2020<br>1.1. - 30.9 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Hagnaður tímabilsins** | | 574 | 470 | 1.036 | 744 |
| **Liðir færðir beint á eigið fé sem síðar kunna að verða endurflokkaðir í rekstrarreikningi:** | | | | | |
| Þýðingarmunur hlutdeildar- og dótturfélaga | | 118 | 222 | ( 118) | 857 |
| Þýðingamunur vegna áhættuvarna hreinnar fjárfestingar | | ( 82) | ( 151) | 84 | ( 605) |
| Tekjuskattsáhrif vegna áhættuvarna hreinnar fjárfestingar | | 22 | 30 | ( 12) | 121 |
| | | 57 | 101 | ( 45) | 373 |
| **Heildarhagnaður tímabilsins** | | 632 | 572 | 990 | 1.117 |
| **Skipting heildarhagnaðar** | | | | | |
| Eigendur móðurfélags | | 646 | 559 | 1.022 | 1.063 |
| Minnihluti í dótturfélögum | | ( 14) | 12 | ( 32) | 54 |
| | | 632 | 572 | 990 | 1.117 |

Skýringar á blaðsíðum 11-15 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

# Efnahagsreikningur 30.september 2021

| | Skýr. | 30.09.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Viðskiptavild | | 4.533 | 3.947 |
| Aðrar óefnislegar eignir | | 608 | 682 |
| Rekstrarfjármunir | | 11.579 | 11.264 |
| Leigueignir | | 1.573 | 1.682 |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum | | 647 | 521 |
| Tekjuskattsinneign | 8. | 54 | 0 |
| Langtímakröfur | | 96 | 29 |
| Fastafjármunir | | 19.091 | 18.125 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Birgðir | | 3.377 | 2.705 |
| Viðskiptakröfur | | 5.855 | 3.145 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 590 | 229 |
| Lán til tengdra félaga | | 200 | 0 |
| Veltuhlutabréf | | 0 | 223 |
| Handbært fé | | 1.103 | 1.078 |
| Veltufjármunir | | 11.125 | 7.378 |
| **Eignir samtals** | | **30.216** | **25.503** |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 1.936 | 1.936 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | | 3.210 | 3.210 |
| Bundnir eiginfjárreikningar | | 1.520 | 1.565 |
| Óráðstafað eigið fé | | 3.669 | 2.958 |
| Eigið fé hluthafa móðurfélags | | 10.335 | 9.670 |
| Hlutdeild minnihluta | | 220 | 252 |
| Eigið fé samtals | | 10.554 | 9.921 |
| **Langtímaskuldir og skuldbindingar** | | | |
| Tekjuskattsskuldbinding | 8. | 532 | 392 |
| Leiguskuldbindingar | | 1.529 | 1.608 |
| Aðrar langtímaskuldbindingar | | 150 | 0 |
| Skuldir við lánastofnanir | 9. | 5.588 | 5.705 |
| Langtímaskuldir og skuldbindingar | | 7.799 | 7.705 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 9. | 2.995 | 2.370 |
| Viðskiptaskuldir | | 3.332 | 2.448 |
| Næsta árs afborganir af langtímaskuldum | 9. | 1.016 | 531 |
| Næsta árs afborganir af leiguskuldbindingum | | 211 | 212 |
| Skuldir við tengd félög | | 2 | 4 |
| Tekjuskattur til greiðslu | | 246 | 208 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 4.060 | 2.105 |
| Skammtímaskuldir | | 11.863 | 7.877 |
| Skuldir samtals | | 19.661 | 15.582 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | **30.216** | **25.503** |

Skýringar á blaðsíðum 11-15 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

# Eiginfjáryfirlit 1. janúar til 30. september 2021

| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur hlutafjár | Lögbundinn varasjóður | Varasjóður v. kaupréttar-samninga | Þýðingar-munur | Bundinn hlutdeildar-reikningur | Óráðstafað eigið fé | Eigið fé hluthafa móðurfélags | Hlutdeild minnihluta | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **2020** | | | | | | | | | | |
| Eigið fé hluthafa 31.12.2019 .................. | 1.986 | 3.210 | 501 | 1 | (1.103) | 2.198 | 2.837 | 9.629 | 193 | 9.823 |
| Hagnaður ársins .................................... | | | | | | | 725 | 725 | 19 | 744 |
| Önnur heildarafkoma ............................ | | | | | 373 | | | 373 | 35 | 408 |
| Heildarhagnaður tímabilsins .................. | | | | | 373 | 0 | 725 | 1.098 | 54 | 1.152 |
| Fenginn arður frá dótturfélagi ................ | | | | | | (383) | 383 | 0 | | 0 |
| Úthlutaður arður til hluthafa ................... | | | | | | | (600) | (600) | | (600) |
| Keypt eigin bréf ..................................... | (25) | | | | | | (161) | (186) | | (186) |
| Innleystir kaupréttarsamningar .............. | | | | (1) | | | (4) | (4) | | (4) |
| Staða 30.09.2020 .................................. | 1.961 | 3.210 | 501 | 1 | (730) | 1.815 | 3.180 | 9.938 | 247 | 10.185 |
| **2021** | | | | | | | | | | |
| Eigið fé hluthafa 31.12.2020 .................. | 1.936 | 3.210 | 501 | 1 | (834) | 1.898 | 2.958 | 9.670 | 252 | 9.921 |
| Hagnaður ársins .................................... | | | | | | | 1.060 | 1.060 | (25) | 1.036 |
| Önnur heildarafkoma ............................ | | | | | (45) | | | (45) | (7) | (53) |
| Heildarhagnaður tímabilsins .................. | | | | | (45) | 0 | 1.060 | 1.015 | (32) | 983 |
| Úthlutaður arður til hluthafa ................... | | | | | | | (350) | (350) | | (350) |
| Staða 30.09.2021 .................................. | 1.936 | 3.210 | 501 | 1 | (880) | 1.898 | 3.669 | 10.335 | 220 | 10.554 |

Skýringar á blaðsíðum 11-15 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

# Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 30. september 2021

| | 2021<br>1.1. - 30.9 | 2020<br>1.1. - 30.9 |
|---|---:|---:|
| **Rekstrarhreyfingar** | | |
| Hagnaður tímabilsins | 1.036 | 744 |
| Leiðrétt fyrir: | | |
| Afskriftir | 1.034 | 974 |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 151 | 89 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | 389 | 269 |
| Söluhagnaður eigna | ( 14) | ( 4) |
| Tekjuskattur | 274 | 189 |
| Veltufé frá rekstri án vaxta og tekjuskatts | 2.869 | 2.261 |
| Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | |
| Birgðir, breyting | ( 675) | 331 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, breyting | ( 3.096) | ( 1.005) |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, breyting | 2.604 | 718 |
| | ( 1.166) | 44 |
| Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta | 1.703 | 2.305 |
| Innborgaðar vaxtatekjur | 17 | 19 |
| Greidd vaxtagjöld | ( 399) | ( 295) |
| Greiddur tekjuskattur | ( 66) | ( 170) |
| Handbært fé frá rekstri | 1.255 | 1.861 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | |
| Fjárfesting í rekstrarfjármunum | ( 637) | ( 664) |
| Söluverð rekstrarfjármuna | 49 | 109 |
| Fjárfesting í dótturfélögum | ( 1.043) | ( 101) |
| Fjárfest í hlutdeildarfélögum | ( 264) | ( 180) |
| Söluverð eignarhluta í öðrum félögum | 223 | 0 |
| Kröfur á tengd félög, breyting | ( 200) | 0 |
| Verðbréf, breyting | ( 23) | ( 1) |
| Fjárfestingarhreyfingar | ( 1.895) | ( 963) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | |
| Kaup á eigin bréfum | 0 | ( 186) |
| Afborganir langtímaskulda og leigusamninga | ( 566) | ( 649) |
| Tekin ný langtímalán | 355 | 0 |
| Greiddur arður | ( 350) | ( 600) |
| Skuld við tengd félög | ( 2) | 0 |
| Handbært fé frá félagi í samstæðu | 182 | 1 |
| Skammtímalán, breyting | 1.083 | 1.290 |
| Fjármögnunarhreyfingar | 701 | ( 145) |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | 62 | 753 |
| **Handbært fé í byrjun árs** | 1.078 | 506 |
| **Gengismunur á handbæru fé** | ( 37) | 79 |
| **Handbært fé í lok tímabilsins** | 1.103 | 1.339 |

Skýringar á blaðsíðum 11-15 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

# Skýringar

1. **Félagið**

   Skeljungur hf. („félagið") er íslenskt hlutafélag með lögheimili á Íslandi. Skráð heimilisfang er Borgartún 26, Reykjavík. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess (sem vísað er til í heild sem „samstæða" og eitt og sér sem „félag") og hlutdeild samstæðunnar í hlutdeildarfélögum.

   Tilgangur félagsins er að eiga og stýra félögum sem eru m.a. á sviði smásölu og heildsölu, rekstur fasteigna, skipa og þjónustustöðva. Ennfremur lána- og fjárfestingastarfsemi og annar atvinnurekstur eða þátttaka í atvinnurekstri, samkvæmt ákvörðun félagsstjórnar. Samstæðan starfar á tveimur landfræðilegum mörkuðum, á Íslandi og í Færeyjum. Á Íslandi er félagið rekið undir merkjum Skeljungs, Orkunnar, Kvikk, 10-11, Extra, Löðurs og starfræktar eru 70 bensínstöðvar, 7 dagvöruverslanir, 15 þvottastöðvar og 4 birgðastöðvar. Dótturfélagið P/F Magn er með starfsemi í Færeyjum og rekur 11 smásölu- og bensínstöðvar víðs vegar um Færeyjar auk þess að reka 2 birgðastöðvar og sérhæfa sig í umhverfisvænum húshitunarlausnum. Viðskiptavinir félaganna koma úr öllum geirum samfélagsins.

2. **Grundvöllur reikningsskilanna**

   a. **Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt**

   Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga.

   Samandreginn árshlutareikningurinn inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesast í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2020 sem er aðgengilegur á heimasíðu félagsins www.skeljungur.is.

   Stjórn Skeljungs samþykkti árshlutareikninginn 28. október 2021.

   b. **Mikilvægar reikningsskilaaðferðir**

   Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið 2020.

   c. **Framsetningar- og starfrækslugjaldmiðill**

   Árshlutareikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum (ISK), sem er starfrækslugjaldmiðill samstæðunnar. Fjárhæðir eru birtar í milljónum króna nema annað sé tekið fram.

   d. **Mat og ákvarðanir**

   Gerð reikningsskila í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

   e. **Árstíðarbundnar sveiflur**

   Umsvif félagsins eru jafnan nokkru meiri á 2. og 3. ársfjórðungi en á 1. og 4. ársfjórðungi. Bókfært verð rekstrartengdra eigna og skulda er því að jafnaði lægra í lok 1. og 4. ársfjórðungs en í lok 2. og 3. ársfjórðungs.

3. **Breytingar á samstæðunni**

   Á tímabilinu janúar til september 2021 eignaðist Skeljungur allt hlutafé í Gló veitingum ehf. og Port I ehf., móðurfélagi Löðurs ehf. og Dælunnar ehf. sem nú eru hluti af samstæðureikningi félagsins.

4. **Landfræðileg skipting**

Við framsetningu upplýsinga hér að neðan er byggt á landfræðilegri staðsetningu félaga í samstæðu.

**Árið 2021**

| **Rekstrarreikningur 1.1. - 30.9.** | **Ísland** | **Færeyjar** | **Samtals** |
|---|---|---|---|
| Heildartekjur | 25.150 | 13.861 | 39.011 |
| Tekjur innan samstæðu | ( 359) | 0 | ( 359) |
| Tekjur utan samstæðu | 24.791 | 13.861 | 38.652 |
| Framlegð | 4.888 | 2.876 | 7.764 |
| EBITDA | 1.593 | 1.299 | 2.892 |
| EBIT | 782 | 1.077 | 1.858 |
| **Efnahagsreikningur 30.9.** | | | |
| Fastafjármunir | 13.765 | 5.526 | 19.291 |
| Veltufjármunir | 6.796 | 4.129 | 10.925 |
| Eignir samtals | 20.561 | 9.655 | 30.216 |
| Langtímaskuldir | 4.732 | 3.066 | 7.799 |
| Skammtímaskuldir | 8.930 | 2.932 | 11.863 |
| Skuldir samtals | 13.663 | 5.999 | 19.661 |

**Árið 2020**

| **Rekstrarreikningur 1.1. - 30.9.** | **Ísland** | **Færeyjar** | **Samtals** |
|---|---|---|---|
| Heildartekjur | 20.611 | 11.746 | 32.357 |
| Tekjur innan samstæðu | ( 312) | 0 | ( 312) |
| Tekjur utan samstæðu | 20.299 | 11.746 | 32.045 |
| Framlegð | 4.476 | 2.798 | 7.274 |
| EBITDA | 1.140 | 1.144 | 2.285 |
| EBIT | 377 | 934 | 1.310 |
| **Efnahagsreikningur 31.12.** | | | |
| Fastafjármunir | 12.299 | 5.825 | 18.125 |
| Veltufjármunir | 4.197 | 3.182 | 7.378 |
| Eignir samtals | 16.496 | 9.007 | 25.503 |
| Langtímaskuldir | 4.502 | 3.203 | 7.705 |
| Skammtímaskuldir | 5.275 | 2.602 | 7.877 |
| Skuldir samtals | 9.777 | 5.805 | 15.582 |

5. **Sala**

| Sala greinist þannig: | **2021**<br>**1.1. - 30.9.** | **2020**<br>**1.1. - 30.9.** |
|---|---|---|
| Eldsneyti | 31.692 | 25.141 |
| Önnur vörusala | 6.960 | 6.904 |
| Sala samtals | 38.652 | 32.045 |

| Skipting sölu eftir vörutegundum: | **2021**<br>**1.1. - 30.9.** | **2020**<br>**1.1. - 30.9.** |
|---|---|---|
| Bensín og dísel | 15.813 | 13.141 |
| Flugvélaeldsneyti | 1.896 | 1.410 |
| Skipaeldsneyti | 11.764 | 8.423 |
| Annað eldsneyti | 2.185 | 2.090 |
| Aðrar vörur | 6.995 | 6.981 |
| Sala samtals | 38.652 | 32.045 |

## 6. Kostnaðarverð seldra vara

Kostnaðarverð seldra vara greinist þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Eldsneyti | 26.390 | 20.371 |
| Aðrar vörur | 4.499 | 4.400 |
| Kostnaðarverð seldra vara samtals | 30.888 | 24.772 |

## 7. Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Ógreiddur tekjuskattur | 211 | 253 |
| Frestaður tekjuskattur | 63 | ( 64) |
| Gjaldfærður tekjuskattur | 274 | 190 |

Virkur tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

| | 1.1.- 30.9.2021 | | 1.1.- 30.9.2020 | |
|---|---|---|---|---|
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | | 1.310 | | 933 |
| Tekjuskattur miðað við gildandi skatthlutfall | 20,00% | 262 | 20,00% | 187 |
| Áhrif skatthlutfalla hjá erlendu dótturfélagi | ( 1,47%) | 19 | 1,83% | ( 17) |
| Aðrir liðir | 0,54% | ( 7) | ( 2,14%) | 20 |
| Tekjuskattur í rekstrarreikningi | 19,07% | 274 | 19,69% | 190 |

## 8. Tekjuskattsskuldbinding/-inneign

| Tekjuskattsskuldbinding (-inneign) greinist þannig: | 30.9.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|
| Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun | 392 | 403 |
| Mismunur á áætluðum og álögðum gjöldum fyrra árs | 0 | 42 |
| Þýðingarmunur | 30 | 58 |
| Tekið yfir í samstæðu | ( 18) | |
| Tekjuskattur vegna eiginfjárhreyfinga | 45 | ( 96) |
| Reiknaður tekjuskattur af áframhaldandi starfsemi | 274 | 192 |
| Tekjuskattur til greiðslu | ( 246) | ( 207) |
| Tekjuskattsskuldbinding í lok tímabils/árs | 478 | 392 |

Tekjuskattskuldbinding (-inneign) kemur þannig fram í efnahagsreikningi:

| | | |
|---|---|---|
| Tekjuskattsinneign | ( 54) | 0 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 532 | 392 |
| | 478 | 392 |

## 9. Vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi skuldir greinast þannig;

**Skilmálar vaxtaberandi skulda**

| | | 30.9.2021 | | 31.12.2020 | |
|---|---|---|---|---|---|
| | Lokagjalddagar | Meðalvextir | Bókfært verð | Meðalvextir | Bókfært verð |
| Skuldir í erlendum gjaldmiðlum: | | | | | |
| Skuldir í DKK | 2029 | 2,6% | 5.396 | 2,5% | 5.728 |
| Skammtímalán í USD | 2021 | 3,6% | 1.107 | 3,7% | 264 |
| | | | 6.503 | | 5.992 |
| Skuldir í íslenskum krónum: | | | | | |
| Óverðtr. langtímalán | 2029 | 3,6% | 1.208 | 3,4% | 507 |
| Óverðtr. skammtímalán | 2021 | 2,9% | 1.888 | 2,9% | 2.106 |
| | | | 3.095 | | 2.614 |
| Vaxtaberandi skuldir samtals | | | 9.599 | | 8.606 |

| Afborganir langtímaskulda greinast þannig næstu ár: | 30.9.2021 |
|---|---|
| 1.10.2021 - 30.9.2022 | 1.020 |
| 1.10.2022 - 30.9.2023 | 571 |
| 1.10.2023 - 29.9.2024 | 576 |
| 30.9.2024 - 30.9.2025 | 583 |
| 1.10.2025 - 30.9.2026 | 558 |
| Síðar | 3.295 |
| Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir | 6.604 |

## 10. Áhættuvarnarreikningsskil

Á árinu 2017 byrjaði félagið að beita áhættuvarnarreikningsskilum um hreina fjárfestingu vegna gjaldeyrisáhættu sem myndast milli starfrækslugjaldmiðils dótturfélagsins Magn P/F, í dönskum krónum, og starfrækslugjaldmiðils félagsins, í íslenskum krónum. Fjárfesting félagsins í Magn er varin að hluta með lántöku félagsins í dönskum krónum, en bókfært verð lántökunnar var 126,7 millj. danskar krónur þann 30. september 2021. Félagið hefur tilgreint alla lántökuna sem áhættuvarnargerning vegna gjaldeyrisáhættu sem myndast vegna samsvarandi fjárhæðar af hreinni heildarfjárfestingu í Magn.

Félagið mælir virkni áhættuvarnarinnar út frá fjárhæð hreinnar eignar sem varin er. Að svo miklu leyti sem áhættuvörnin er virk er þýðingamunurinn vegna lántökunnar færður í aðra heildarafkomu og safnast inn á áhættuvarnarreikning meðal eiginfjár. Félagið mun endurflokka þýðingarmuninn af eigin fé yfir í rekstrarreikning ef félagið selur Magn. Félagið færir alla óvirkni, ef einhver er, strax í rekstrarreikning. Engin óvirkni var vegna áhættuvarnar á hreinni fjárfestingu vegna gjaldeyrisáhættu á tímabilinu.

## 11. Félög í samstæðunni

| Eftirfarandi félög eru innifalin í samstæðureikningsskilunum: | Eignarhlutur | |
|---|---|---|
| | 30.9.2021 | 31.12.2020 |
| Íslenska vetnisfélagið ehf., Ísland | 90% | 90% |
| Tollvörugeymsla Skeljungs ehf., Ísland | 100% | 100% |
| Port I ehf, Ísland | 100% | 0% |
| Barkur ehf, Ísland | 66% | 66% |
| P/F Magn, Færeyjar | 100% | 100% |
| P/F Demich, Færeyjar | 70% | 70% |
| Gló veitingar ehf. | 100% | 25% |

## 12. Kennitölur

| Helstu kennitölur samstæðunnar: | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| | 1.1. - 30.9. | 1.1. - 30.9. |
| Rekstur: | | |
| Framlegð í hlutfalli af sölu | 20,1% | 22,7% |
| EBITDA / Framlegð | 37,2% | 31,4% |
| EBIT / Framlegð | 23,9% | 18,0% |
| Laun / Framlegð | 35,5% | 40,9% |
| Sölu og dreifingarkostnaður / Framlegð | 23,6% | 24,4% |
| Rekstrarkostnaður / Framlegð | 65,6% | 71,5% |
| Arðsemi eigin fjár (ársgrundvelli) | 13,8% | 10,2% |
| Efnahagur: | 30.9.2021 | 31.12.2020 |
| Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir | 0,94 | 0,94 |
| Lausafjárhlutfall - (veltufjármunir - birgðir) / skammtímaskuldir | 0,65 | 0,59 |
| Nettó vaxtaberandi skuldir / EBITDA (sl. 12 mánaða) | 2,59 | 2,73 |
| Eiginfjárhlutfall - eigið fé / eignir samtals | 34,9% | 38,9% |
| Innra virði hlutafjár | 5,5 | 5,1 |

## 13. Önnur mál

Marine Supply A/S, félag í Noregi, hefur höfðað mál gegn Skeljungi hf., P/F Magn, fyrrverandi forstjóra hjá Skeljungi og P/F Magn, einum núverandi stjórnanda hjá P/F Magn sem og fyrrum starfsmanni Marine Supply A/S. Marine Supply bera fyrir sig meinta ólögmæta meðhöndlun á trúnaðarupplýsingum í kjölfar óformlegra viðræða aðila um mögulegt samstarf í fyrirtækjarekstri árið 2018. Engar fjárkröfur hafa verið settar fram af hálfu stefnanda. Skeljungur hf. og P/F Magn hafna alfarið öllum ásökunum sem hafa verið settar fram í málinu og hafa tekið til varna í málinu fyrir dómstólum.

# Selected Financial Information

1 January to 30. September 2021

# Consolidated Income Statement
# 1 January to 30 September 2021

| | Notes | 2021<br>1.7. - 30.9 | 2020<br>1.7. - 30.9 | 2021<br>1.1. - 30.9 | 2020<br>1.1. - 30.9 |
|---|---|---|---|---|---|
| Sales | 5. | 15.985 | 11.642 | 38.652 | 32.045 |
| Cost of goods sold | 6. | ( 13.053) | ( 8.983) | ( 30.888) | ( 24.772) |
| **Gross profit** | | **2.933** | **2.659** | **7.764** | **7.274** |
| Other income | | 83 | 81 | 222 | 211 |
| Salaries and salary related expenses | | ( 878) | ( 944) | ( 2.754) | ( 2.973) |
| Sales and distribution expenses | | ( 644) | ( 609) | ( 1.831) | ( 1.771) |
| Other operating expenses | | ( 185) | ( 149) | ( 509) | ( 455) |
| | | ( 1.708) | ( 1.703) | ( 5.094) | ( 5.200) |
| **Profit before depreciation and financial items (EBITDA)** | | **1.308** | **1.038** | **2.892** | **2.285** |
| Depreciation of operating assets | | ( 362) | ( 331) | ( 1.034) | ( 974) |
| **Operating profit before financial items (EBIT)** | | **946** | **707** | **1.858** | **1.310** |
| Financial income | | 5 | 4 | 14 | 19 |
| Financial expenses | | ( 178) | ( 108) | ( 411) | ( 307) |
| | | ( 173) | ( 104) | ( 397) | ( 288) |
| Share of loss from associated companies | | ( 50) | ( 19) | ( 151) | ( 89) |
| **Profit before income tax** | | **723** | **584** | **1.310** | **933** |
| Income tax expense | 7. | ( 149) | ( 113) | ( 274) | ( 190) |
| **Profit for the year** | | **574** | **470** | **1.036** | **744** |
| **Net earnings for the year attributable to:** | | | | | |
| Owners of the Company | | 595 | 469 | 1.060 | 725 |
| Non-controlling interest | | ( 20) | 1 | ( 25) | 19 |
| | | 574 | 470 | 1.036 | 744 |
| **Earnings per share:** | | | | | |
| Earnings per ISK one of share capital and diluted share capital | | 0,30 | 0,24 | 0,54 | 0,38 |
| Diluted earnings per each ISK one of share capital | | 0,30 | 0,24 | 0,54 | 0,38 |

# Consolidated Statement of Comprehensive Income
# 1 January to 30 September 2021

| | Notes | 2021<br>1.7. - 30.9 | 2020<br>1.7 - 30.9 | 2021<br>1.1 - 30.9 | 2020<br>1.1 - 30.9 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Profit for the year** | | **574** | **470** | **1.036** | **744** |
| **Other comprehensive income that will be reclassified to profit or loss:** | | | | | |
| Translation difference of associates and subsidiaries | | 118 | 222 | ( 118) | 857 |
| Translation difference of net investment hedge | | ( 82) | ( 151) | 84 | ( 605) |
| Income tax relating to net investment hedge | | 22 | 30 | ( 12) | 121 |
| | | 57 | 101 | ( 45) | 373 |
| **Total comprehensive income** | | **632** | **572** | **990** | **1.117** |
| **Total comprehensive income for the year attributable to:** | | | | | |
| Owners of the Company | | 646 | 559 | 1.022 | 1.063 |
| Non-controlling interest | | ( 14) | 12 | ( 32) | 54 |
| | | 632 | 572 | 990 | 1.117 |

# Consolidated Statement of Financial Position as of 30.9.2021

| | Notes | 30.09.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|---|
| **Non-current assets** | | | |
| Goodwill | | 4.533 | 3.947 |
| Other intangible assets | | 608 | 682 |
| Operating assets | | 11.579 | 11.264 |
| Leasing assets | | 1.573 | 1.682 |
| Shares in associated companies | | 647 | 521 |
| Deffered tax asset | | 54 | 0 |
| Long term receivables | | 96 | 29 |
| Non-current assets | | 19.091 | 18.125 |
| **Current assets** | | | |
| Inventories | | 3.377 | 2.705 |
| Trade receivables | | 5.855 | 3.145 |
| Other receivables | | 590 | 229 |
| Market equities | | 0 | 223 |
| Cash and cash equivalents | | 1.103 | 1.078 |
| Current assets | | 11.125 | 7.378 |
| **Total assets** | | **30.216** | **25.503** |
| **Equity** | | | |
| Share capital | | 1.936 | 1.936 |
| Share premium | | 3.210 | 3.210 |
| Restricted equity | | 1.520 | 1.565 |
| Retained earnings | | 3.669 | 2.958 |
| Total equity attributable to equity holders of the Company | | 10.335 | 9.670 |
| Non-controlling interest | | 220 | 252 |
| Total equity | | 10.554 | 9.921 |
| **Liabilities** | | | |
| Deferred tax liability | 8. | 532 | 392 |
| Lease liabilities | | 1.529 | 1.608 |
| Loans and borrowings | 9. | 5.588 | 5.705 |
| Non-current liabilities | | 7.799 | 7.705 |
| **Current liabilities** | | | |
| Loans and borrowings | 9. | 2.995 | 2.370 |
| Trade payables | | 3.332 | 2.448 |
| Current maturities of long-term debt | 9. | 1.016 | 531 |
| Current maturities of lease liabilities | | 211 | 212 |
| Related party debt | | 2 | 4 |
| Taxes for the year | | 246 | 208 |
| Other current liabilities | | 4.060 | 2.105 |
| Current liabilities | | 11.863 | 7.877 |
| Total liabilities | | 19.661 | 15.582 |
| **Total equity and liabilities** | | **30.216** | **25.503** |

# Consolidated Statement of Cash Flows 1 January to 30 September 2021

| | 2021<br>1.1 - 30.9 | 2020<br>1.1 - 30.9 |
|---|---:|---:|
| **Cash flows from operating activities:** | | |
| Profit for the period | 1.036 | 744 |
| Adjustments: | | |
| Depreciation and impairment | 1.034 | 974 |
| Profit (loss) from associated companies | 151 | 89 |
| Financial income and financial expenses | 389 | 269 |
| Gain on sale of assets | ( 14) | ( 4) |
| Income tax | 274 | 189 |
| Cash flow from operations less interest and Income taxes | 2.869 | 2.261 |
| Changes in operating assets and liabilities: | | |
| Inventories, change | ( 675) | 331 |
| Trade and other receivables, change | ( 3.096) | ( 1.005) |
| Trade and other payables, change | 2.604 | 718 |
| | ( 1.166) | 44 |
| Cash generated from operating activities before interest and taxes | 1.703 | 2.305 |
| Interest income received | 17 | 19 |
| Interest expenses | ( 399) | ( 295) |
| Taxes paid | ( 66) | ( 170) |
| Cash generated from operating activities | 1.255 | 1.861 |
| **Investing activities** | | |
| Investment in operating assets | ( 637) | ( 664) |
| Proceeds from sale of operating assets | 49 | 109 |
| Investment in shares in subsidiaries | ( 1.043) | ( 101) |
| Investment in associated companies | ( 264) | ( 180) |
| Proceeds from sale of shares in associated companies | 223 | 0 |
| Cash acquired on consolidation | ( 200) | 0 |
| Securities, change | ( 23) | ( 1) |
| Net cash used in investing activities | ( 1.895) | ( 963) |
| **Financing activities** | | |
| Purchase of own shares | 0 | ( 186) |
| Instalments of long-term liabilities | ( 566) | ( 649) |
| New long-term liabilities | 355 | 0 |
| Paid dividends | ( 350) | ( 600) |
| Payables to associated companies | ( 2) | 0 |
| Cash from subsidiaries | 182 | 1 |
| Short-term borrowing, change | 1.083 | 1.290 |
| Net cash used in financing activities | 701 | ( 145) |
| **Net increase / (decrease) in cash and cash equivalents** | 62 | 753 |
| **Cash and cash equivalents at the beginning of the year** | 1.078 | 506 |
| **Effects of movements in exchange rates on cash held** | ( 37) | 79 |
| **Cash and cash equivalents at the end of period** | 1.103 | 1.339 |

* Quarterly figures are unaudited

# Segment reporting

**Geographic information**
The geographic information below shows the Group by the companies' countries of domicile.

**Year 2021**

| **Income Statement 01.01. - 30.9.** | **Iceland** | **Faroe Islands** | **Total** |
|---|---|---|---|
| Total revenue | 25.150 | 13.861 | 39.011 |
| Inter-Group revenues | ( 359) | 0 | ( 359) |
| Revenue | 24.791 | 13.861 | 38.652 |
| Gross profit | 4.888 | 2.876 | 7.764 |
| EBITDA | 1.593 | 1.299 | 2.892 |
| EBIT | 782 | 1.077 | 1.858 |
| **Balance Sheet 30.9.** | | | |
| Non-current assets | 13.765 | 5.526 | 19.291 |
| Current assets | 6.796 | 4.129 | 10.925 |
| Total assets | 20.561 | 9.655 | 30.216 |
| Long term liabilities | 4.732 | 3.066 | 7.799 |
| Current liabilities | 8.930 | 2.932 | 11.863 |
| Total liabilities | 13.663 | 5.999 | 19.661 |

**Year 2020**

| **Income Statement 01.01. - 30.9.** | **Iceland** | **Faroe Islands** | **Total** |
|---|---|---|---|
| Total revenue | 20.611 | 11.746 | 32.357 |
| Inter-Group revenues | ( 312) | 0 | ( 312) |
| Revenue | 20.299 | 11.746 | 32.045 |
| Gross profit | 4.476 | 2.798 | 7.274 |
| EBITDA | 1.140 | 1.144 | 2.285 |
| EBIT | 377 | 934 | 1.310 |
| **Balance Sheet 31.12.** | | | |
| Non-current assets | 12.299 | 5.825 | 18.125 |
| Current assets | 4.197 | 3.182 | 7.378 |
| Total assets | 16.496 | 9.007 | 25.503 |
| Long term liabilities | 4.502 | 3.203 | 7.705 |
| Current liabilities | 5.275 | 2.602 | 7.877 |
| Total liabilities | 9.777 | 5.805 | 15.582 |